

L Ö G

95

12. des.

um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 6. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Nú hefur húsaleiga verið hækkuð í samræmi við vísitölu og hækkunin innheimt, án þess að húsaleigunefnd hafi staðfest leigumálann eða án þess að skriflegur leigumáli hafi verið gerður, og er þá hækkunin ekki endurkræf frá leigusala, ef húsaleigunefnd staðfestir leigumálann síðar eða grunnleiguupphæðin er hófleg að hennar dómi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

96

12. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Búðahreppi landspildu úr Kjappeyyrarlandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Búðahreppi í Suður-Múlasýslu landspildu þá úr Kjappeyyrarlandi, sem ekki er í leigu ábúandans á Kjappeyyri samkvæmt byggingarbréfi. Námaréttindi skulu þó undanskilin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.